

var í gærkvöldi hneyxlanlega ölvaður inni á veitingastofunni Hafnarkaffi hér í bænum.

Með þessu hefur kærði brotið 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans með tilliti til fortíðar hans hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 50 daga.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Haraldur Alfred Knudsen, greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. janúar 1941.

Nr. 103/1940. **Valdstjórnin** (Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Helga Benediktssyni

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Brot á tolllögum, lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Brot kærðs varða við eftirtalin lagaákvæði.

Lög nr. 9 frá 1936, 1. gr., sbr. 1. nr. 46 frá 1931 um fiskimat, 8. gr., sbr. ennfreður reglugerð nr. 5 frá 1932, 4. gr.

Reglugerð nr. 168 frá 1939 um sölu og útflutning á vörum, 1. sbr. 5. gr., sbr. bráðabirgðalög nr. 49 frá 1939 og nú lög nr. 11 frá 1940.

Reglugerð nr. 50 frá 1938 um gjaldeyrisverzlun o. fl., 7. sbr. 30. gr., sbr. lög nr. 73 frá 1937.

Lög nr. 63 frá 1937 um tollinnheimtu og tolleftirlit, 32. sbr. 38. gr.

Lög nr. 63 frá 1935 um útflutningsgjald, 7. sbr. 10. gr.
 Lög nr. 47 frá 1930 um fiskveiðasjóðsgjald, 6. sbr. 9. gr.
 Lög nr. 75 frá 1937 um fiskimálanefnd o. fl., 3. sbr. 15. gr.
 Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 30 daga varðhald.

Samkvæmt þessum málalokum ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 90 krónur til hvors.

Rannsókn máls þessa er að mörgu leyti ábótavant. Sérstaklega er það aðfinnsluvert, að hvorki hefur verið upplýst, hvort skipið hafi farið fyrr en ráð hafði verið fyrir gert, eins og kærði heldur fram, né heldur, hvort tollþjónn hefur fengið yfirlýsingu um fiskinn, áður en hann var fluttur í skip.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Helgi Benediktsson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 30 daga varðhald.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hestaréttarmálflutningsmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, 90 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 10. júní 1940.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Helga Benediktssyni kaupmanni, Skólaveg 27 hér í bæ, fyrir brot gegn reglug. nr. 168 frá 1¹/₂ — 1939, sbr. l. nr. 11 frá 1940 um sölu og útflutning á vörum, og lögum nr. 9 frá 1936 um breyting á lögum nr. 46/1931 um fiskimat.

Eru málavextir þessir:

Þegar v/s Helgi V. E. 333 fór héðan 11. síðastliðinn (sic) áleiðis til

Englands, sendi kærður, sem er eigandi skipsins, með því 117 pk., eða 5850 kg., af saltfiski, úrgangs og ruslfiski. Er skipið kom til Englands, lá þar fyrir skipstjóranum símskeyti um að koma aftur með allan fiskinn, og gerði hann það. Var fiskinum skipað í land í Vestmannaeyjum aftur, er v/s Helgi kom til baka.

Kærður, Helgi Benediktsson, hafði ekki fengið útflutningsleyfi fyrir fiski þessum, þegar hann fór, en sótti um leyfi daginn eftir, og fékk næsta dag synjun, enda hafði kærður þá tvisvar sinnum stuttu áður beðið um samskonar útflutningsleyfi, en verið neitað.

Það eru líkindi til, að umræddur fiskur hafi verið metinn all-löngu áður, en matsvottorð fylgdi ekki, og eigi hafði yfirmatsmanni verið tilkynnt, er fiskurinn var látinn um borð, svo hann gæti haft eftirlit með því. Er því sama og fiskurinn hefði verið ómetinn.

Ekki hafði kærður heldur látið bæjarfógeta vita um útflutning þessa fiskjar, áður en skipið færi, og skilað þá fyrirskipuðum skýrslum og skilrkjum og greitt lögboðin gjöld af fiskinum.

Kærður hefur með framansögðu atferli gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 9 frá 1936 og 2. gr. reglugerðar nr. 168 frá 12. september 1939. Þá hefur hann og brotið gegn 7. gr. laga nr. 50 frá 1938, l. 63/1937 gr. (sic), l. 63/1935 7. gr., l. 47/1930 2. gr. og l. 121/1935 3. gr.

Kærður hefur áður sætt sektum og dómum, sem hér segir:

1929 $1\frac{3}{4}$ Hæstard. 500 kr. sekt fyrir mótþróa við stefnuvotta, 99. gr. sbr. 101. gr. alm. hegningarlaga.

1934 $10\frac{1}{2}$ Hæstard. 4 mánaða fangelsi við venjul. fangaviðurværi fyrir brot gegn 255. gr., 259. gr. og 276. gr. almennra hegningarlaga.

1939 $1\frac{5}{8}$ Hæstard. 3. mál fangelsi við venjul. fangaviðurværi fyrir brot á lögum um hlutafélög m. m.

1938 $\frac{7}{11}$ 100 króna sekt fyrir óleyfilegan innflutning á kolum.

Refsing sú, er kærður hefur til unnið fyrir framangreind brot sín, þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður. Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Helgi Benediktsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.